



Reykjavíkurborg
Skóla- og frístundasvið



Starfsáætlun skólaársins 2021 – 2022

Um starfsáætlanir leikskóla

Leikskólar gera starfsáætlun sem byggir á skólanámskrá leikskólans og menntastefnu Reykjavíkurborgar til 2030 sem hefur þá framtíðarsýn að í kraftmiklu skóla- og frístundastarfi öðlist börn og unglingar menntun og reynslu til að láta drauma sína rætast og hafa jákvæð áhrif á umhverfi og samfélag. Menntastefnunni er ætlað að bregðast við þeim áskorunum sem felst í stöðugum samfélags- og tæknibreytingum sem umbreyta uppeldisaðstæðum barna og hefðbundnum hugmyndum um menntun.

Tilgangur starfsáætlunar er að gera skólaþróun leikskólans markvissa með árangursmiðuðum markmiðum og umbótamiðuðu innra mati. Starfsáætlun er birt opinberlega og gefur starfsfólki, foreldrum og rekstraraðilum meðal annars upplýsingar um hvernig starf leikskólans gekk á síðasta starfsári og hvernig unnið verði að mati, umbótum og innleiðingu á áherslum úr menntastefnunni og hvernig á að nota þróunarstyrk næsta starfsárs. Starfsáætlun leikskólans tekur gildi 1. september ár hvert og skal skilað rafrænt til skóla- og frístundasviðs fyrir 1. júlí. Starfsáætlanir eru lagðar fyrir skóla og frístundaráðs til samþykktar.

Eftirfarandi upplýsingar koma fram í starfsáætlun:

- Umfjöllun leikskólastjóra um starf síðasta árs. Tilgreina áherslur í leikskólastarfinu sem unnið verður að á komandi starfsári sem tengist menntastefnu Reykjavíkurborgar, þróunarstyrk, skólanámskrá og/eða öðrum verkefnum.
- Niðurstöður innra mats síðasta árs þar sem greining er á helstu styrkleikum og tækifærum til umbóta.
- Matsáætlun sem unnin er út frá niðurstöðum innra og ytra mats, tækifærum til umbóta og þróunarverkefnum tengt menntastefnu Reykjavíkur og áherslur úr skólanámskrá.
- Umbótaáætlun deilda þar sem hver deild gerir grein fyrir aðgerðum og leiðum til umbóta út frá matsáætlun leikskólans.
- Innra mat sérkennslu og umbótaáætlun.
- Innra mat- fjöltyngi barna og umbótaáætlun.
- Starfþróunaráætlun leikskólans byggð á matsáætlun.
- Skóladagatal fyrir árið þar sem m.a. skipulagsdagar eru tilgreindir.
- Umsögn foreldraráðs.



Efnisyfirlit

Um starfsáætlanir leikskóla	2
Leiðarljós leikskólans	4
1 Greinargerð leikskólastjóra.....	4
2 Samstarf leikskóla, grunnskóla og frístundamiðstöðva.....	7
3 Innra og ytra mat leikskólans fyrir 2020-2021.....	9
4 Innra mat.....	12
4.1 Innra mat deilda	12
4.1.1 Innra mat Lerkistofu.....	12
4.1.2 Innra mat Birkistofu.....	14
4.1.3 Innra mat Furustofu	16
4.1.4 Innra mat Víðistofu	18
4.1.5 Innra mat Reynistofu.....	19
5 Innra mat fagstjórnenda	22
5.1 Innra mat sérkennslu.....	22
5.2 Innra mat táknmálstúlks	25
5 Innra mat – fjöltyngd börn	25
6 Starfspróunarsamtöl og fræðsla.....	26
7 Foreldrasamvinna	29
8 Skipulagsdagar og leikskóladagatal	30
9 Umsögn foreldraráðs.....	31



Leiðarljós leikskólans

Stefna leikskólans er vera góður og öruggur staður fyrir börnin og starfsfólkið. Við vinnum eftir Aðalnámskrá leikskóla, námskrá leikskólans, starfsáætlun hvers skólaárs og með því tryggjum við öflugt innra starf sem leggur áherslu á leik og skapandi starf barna.

Sólborg er sérhæfður í vinnu með börnum sem þurfa á stuðning við leikskólakennslu að halda. Sólborg sinnir einnig mikilvægu ráðgjafarhlutverki við aðra leikskóla. Sólborg hefur sérhæft sig í að mæta þörfum barna með heyrnarskerðingu, heyrnarleysi og börnum sem hafa farið í kuðungsígræðslu. Hugmyndafræðin byggir á því að búa börnunum málumhverfi þar sem nám fer fram á íslensku og íslensku táknmáli, auk þess sem þau fá heyrnarþjálfun.

Framtíðarsýn Sólborgar er að vera vinnustaður með aðdráttarafl fyrir hæfileikaríkt og metnaðarfullt fólk. Markmið Sólborgar er að hafa ætíð á að skipa hæfasta starfsfólki, sem völ er á til að tryggja gæði þeirrar þjónustu sem veitt er. Öllu starfsfólki Sólborgar á að líða vel í starfi sínu með börnum og samstarfsfólki.

1 Greinargerð leikskólastjóra

Heimsfaraldur og breyttur veruleiki

Leikskólum landsins var hent inn í 21. öldina. Deildarstjórafundir og skipulagsdagar fóru fram í gegnum fjarfundarbúnað, sveigjanleiki vinnunnar var augin með því að undirbúningur starfsfólks var sinnt heiman frá og starfsaðstæður deildarstjóra voru jafnaðar á við starfsaðstæður grunnskólakennara. Nú sinna deildarstjórar vinnu með börnum inn á deild frá kl. 08:00 til 13:30 alla daga og fara síðan í undirbúning til kl. 16:00. Mikil ánægja hefur reynst með þetta fyrirkomulag. Styttning vinnuvikunnar kom inn að fullum þunga í nóvember 2020 og vinnur allt starfsfólk 36 stunda vinnuviku, ef frá eru skildir deildarstjórar, sem safna upp sinni styttningu og taka hana út um jól og páska og í kringum sumarlokun leikskólans. Sólborg hefur staðið sig vel í útfærslu styttningu vinnuvikunnar og kemur þar til að Sólborg tók þátt í tilraunaverkefni árin 2017 – 2019. Undirrituð hefur verið ráðgjafi fyrir leikskóla Reykjavíkurborgar og hefur líkan Sólborg verið að mestu leyti tekið upp í yfir 75% leikskólum Reykjavíkur. Ekki hefur komið til nein þjónustuskerðing við foreldra og börn, þar sem Sólborg lagði í mikla vinnu við að finna út hvenær er hentugast að vera með skipulagða kennslu og sérkennslu og hvenær þörfin væri mest, þannig að stofur gætu farið í gegnum álagstíma dagsins fullmannaðar.



Leikskólinn Sólborg fartölvuvæddist að öllu leyti þetta skólaár. Allar borðtölvur sem eftir voru, var skilað, allir deildarstjórar og stjórnendur hafa í sínum fórum fartölvu og fjartengingu við sameiginleg drif leikskólans. Þá voru settar fartölvur inn á allar stofur, sem starfsfólk getur tekið heim með sér og sinnt undirbúningi heiman frá. Þessi fartölvuvæðing gekk snuðrulaust fyrir sig. Þá eru spjaldtölvur inn á öllum deildum og margar hverjar eru nýjar. Þá tekur Sólborg þátt í tilraunaverkefni, með leikskólanum Borg, um að leggja niður borðsímamann og vera eingöngu með GSM síma. Keyptir voru nýir GSM símar fyrir hverja deild og gerðir samningar við stjórnendur um yfirtöku þeirra GSM númera. Þegar foreldrar og aðrir sem þurfa að ná inn á deildir Sólborgar, hringja þeir í eitt aðalnúmer leikskólans, þar sem þeir síðan velja þann stað sem þau ætla að ná í og flyst símtalið yfir í GSM síma deilda. Sólborg bindur miklar væntingar við þetta tilraunaverkefni. Ljóst er að borðsímar tilheyra 20. öldinni og þörfin fyrir þá orðin frekar lítil. Þá getur símtal inn á deild haft truflandi áhrif á starfsemi deildar og þægilegt fyrir alla, að sá sem símtalið beinist að, geti farið með GSM símann á afvikinn stað og sinnt erindi símtalsins. Allt starfsfólk Sólborgar samþykkti þátttöku í tilrauninni.

Framkvæmdir

Lóð leikskólans var endurhönnuð frá grunni með aðkomu Landmótunar, fyrir hönd Reykjavíkurborgar. Markmiðið var að skipta út fallmöl fyrir gervigras og nýta um leið tækifæri og bæta aðbúnaðinn með nýjum leiktækjum og uppfærslu eldri leiktækja. Svæðin í kringum leikskólann, sem snúa suður að Vesturhlíð og austur að Suðurhlíð fengu yfirhalningu, en haldið var í náttúrusvæðin í kringum Skógarhús Reynistofu og hólinn, þar sem margar trjátegundir fá notið sín. Framkvæmdirnar tóku tíu vikur haustið 2020 og gengu smurt fyrir sig. Á sama tíma þurftu stjórnendur og starfsfólk að senda út boð til foreldra um hvernig þau stæðu best að því að gangast undir öll skilyrði sem stíf hólfaskipting setti okkur. Grímuskylda var sett í október, þegar ljóst var, vegna lokunnar framkvæmdasvæða, að margir foreldrar yrðu staddir á litlum svæðum á sama tíma og ógjörningur að tryggja fjarlægðarmörk. Enn stífari hólfaskipting frá og með nóvember, leiddi til þess að sumir foreldrar þurftu að fara í mikinn ratleik til þess að komast á svæði sinni barna, en með miklum vilja allra, tókst þetta og ekki kom til þess að framkvæmdir röskuðust. Mikil ánægja er með nýju leiksvæðin og er leikskólinn Sólborg gjörbreyttur ásýndum.



Nýliðafræðsla

Aukin undirbúningur deildarstjóra, kennara og starfsfólks hefur kallað á aukna þörf á tímavinnustarfsfólki. Stofur Sólborgar eru fimm talsins og réð Sólborg inn til sín þann fjölda af tímavinnustarfsfólki, sem var ungir einstaklingar sem jafnframt voru í háskólanámi. Styrkleikarnir í þessu fyrirkomulagi voru þeir að deildarstjórar misstu mjög sjaldan af undirbúningi og stofur Sólborgar voru vel mannaðar þegar álagspunktur mynduðust í starfi síðdegis, þegar drekkutími og undirbúningur útiveru standa sem hæst. Tækifæri til umbóta fyrir stjórnendur Sólborgar liggur í því að auka við nýliðafræðslu. Frá kl. 15:30 var of mikið um hópamyndanir starfsfólk á útsvæði, þar sem ábyrgð hvers og eins í útiveru lá ekki í augum uppi. Mikil ánægja var að öðru leyti með tímavinnustarfsfólkið, sem mætti vel til vinnu og fengu allir sumarstarf í Sólborg sumarið 2021. Þetta gefur stjórnendum tækifæri til að efla þá sem fyrir eru með fræðslu á skipulagsdögum og starfsmannafundum.

Áföll

Starfsmannahópur Sólborgar hefur orðið fyrir tveimur áföllum á því skólaári sem nú er að líða. Í lok árs 2020 lést aðstoðarleikskólastjóri Sólborgar til 26 ára, hún Ragnheiður Þóra Kolbeins. Ragga var menntaður leikskólakennari frá Fóstruskóla Íslands og hafði starfað frá opnun Sólborgar árið 1994 sem aðstoðarleikskólastjóri, fyrst við hlið Jónínu Konráðsdóttur og síðan undirritaðrar. Hluti starfsmannahópsins hafði unnið með Rögggu í yfir tuttugu ár og er missir þeirra mikill. Sólborg syrgir skemmtilega konu sem ætíð var með bros á vör í leik og starfi.

Þann 20. maí varð Bengta María Ólafsdóttir bráðkvödd. Bengta hafði starfað í Sólborg frá haustinu 2019 og vann náið með starfsfólki Birkistofu með börnum stofunnar. Bengta var hógvær og duglegur starfsmaður sem öllum líkaði vel við.

Stjórnendur Sólborgar vilja með þessum orðum minnast tveggja kvenna sem verður saknað og senda sínar dýpstu samúðarkveðjur til aðstandenda.

F. h. leikskólans

Guðrún Jóna Thorarensen, leikskólastjóri

Sigurbaldur P. Frímannsson, aðstoðarleikskólastjóri

Reykjavík, 28.júní 2021



2 Samstarf leikskóla, grunnskóla og frístundamiðstöðva

Starfshópur um táknmálsumhverfi barna

Í desember 2019 átti Sólborg frumkvæðið við SFS að lýsa yfir áhyggjum yfir menntaumhverfi heyrnarlausra, heyrnarskertra og barna með kuðungsígræðslu. Sólborg hefur verið skilgreindur sérhæfður leikskóli frá árinu 2010. Áhyggjurnar snéru aðallega að því að táknmálsumhverfið var ekki nógu ríkt og ekki nógu stöðugt, því bæði væri erfitt fyrir leikskólann að halda í döff starfsfólk sem byggði að þekkingunni og þá væri óljóst hversu margir þyrftu þessa þjónustu hvert ár. Síðustu ár hefur verið erfitt að halda við fagþekkingu starfsfólks í Sólborg og þörfin á Döff kennurum hefur verið mikil.

Skortur er á baklandi fyrir þá sérhæfðu skóla sem sinna táknmálinu, Sólborg og Hlíðaskóli, og lítil sem engin fræðsla á táknmáli hefur verið í boði. Þar sem um er að ræða mjög fámennan hóp barna, þurfti að skoða vel hvernig Sólborg og Hlíðaskóli gætu unnið saman og nýtt þekkingu og mannauð sem allra best. Það er óskandi að til verði sterkt faglegt lærdómssamfélag allra starfsstöðvanna þar sem táknmálsumhverfið fær að blómstra og verði jafngilt íslensku málumhverfi.

SFS hlustaði á kröfur Sólborgar og stofnaði starfshóp sem hóf nefndarfundir haustið 2020. Nýráðinn starfsmaður sviðsins, Fjóla Þorvaldsdóttir, hélt utan um hópinn og gerði það myndarlega. Hún kallaði til aðila frá leikskólanum Sólborg, grunnskólanum Hlíðarskóla og frístundamiðstöðvanna Eldflaugarinnar og Gleðibankans. Ásamt komu reglulega gestir frá SHH, Félag heyrnarlausra, HTÍ og aðilar sem komu að styrkúthlutun. Í starfshópnum sátu fyrir hönd Sólborgar: Guðrún Jóna Thorarensen leikskólastjóri, Regína Rögnvaldsdóttir, sérkennslustjóri og Sigurbaldur P Frímannsson, aðstoðarleikskólastjóri.

Tillögur starfshópsins voru eftirfarandi:

1. Íslensku táknmáli verði gert jafnt hátt undir höfði og íslensku og það sé eðlilegur hluti af daglegu lífi í samfélagi okkar og því sýnd virðing
2. Farið verður í að skilgreina hvað felst í því að hafa táknmálsumhverfi á starfsstað og í framhaldi af því fundnar leiðir til að tryggja að svo verði til þess að tryggja áframhaldandi gott samstarf starfsstöðva þar sem er táknmálsumhverfi verði ábyrgð á samstarfinu skilgreind



3. Lagðar eru fram hugmyndir til að fjölga og auka stöðugleika í táknmálstalandi starfsmannahópnum
4. Auka þarf möguleika starfsfólks til starfsþróunar
5. Stofnað verði teymi á þjónustumiðstöð Vesturbæjar, Miðborgar og Hlíða til að veita starfsstöðum með táknmálsumhverfi góða þjónustu
6. Aukið verði samstarf um námsefnisgerð við alla þá sem koma að gerð námsefnis fyrir nemendur í leik- og grunnskólum
7. Ráðgjafahlutverk skólanna verði skilgreint og því sett ákveðin markmið.

Opinberir aðilar, ríki og sveitarfélög, verða að gera sér grein fyrir að þetta eru tillögur sem þarf að fylgja fjármagn með til þess að SFS geti staðist lagalegar kröfur sem lög 61/2011 um stöðu íslenskrar tungu og íslensks táknmáls gera. Sérhæfing Sólborgar er það mikil að það þarf aðkomu menntamálaráðuneytisins svo hægt sé að tryggja þjónustu barna á fyrsta skólastiginu. Þeir nemendur sem hafa sótt skólann, vegna stuðnings, eru 80% úr öðrum sveitarfélögum landsins. Það ætti að sýna mikilvægi aðkomu menntamálaráðuneytisins til að styrkja hlutverk hans.

Meðfram námi leikskólastjóra í *Opinberri Stjórnsýslu*, fóru stjórnendur Sólborgar í enn þá meiri skoðun á því hvernig væri hægt að auka hag þeirra barna og starfsmanna sem reiða sig á táknmál til tjáningar og samskipta. Vorið 2021 bárust lögfræðingi SFS, Guðrúnu Sigtryggisdóttur, tillögur frá stjórnendum um hvernig meggi bæta starfsaðstæður Sólborgar. Tillögunnar eru svohljóðandi:

- Að leikskólinn Sólborg fái áframhald á þjónustu túlks frá Samskiptamiðstöðinni
- Að ráðið verður í tvær stöður táknmálstúlks til frambúðar
- Lerkistofa verði ekki lengur skilgreint sem deildarrými, heldur sérkennslurými
- Kennslustjóri íslenska táknmálsins fest í sessi í skipuriti Sólborgar.
- A.m.k. þrír döff kennarar inni á deild táknmálstalandi barna, óháð barnafjölda.
- Stuðningstími táknmálstalandi barns sé 100% af vistunartíma barns í leikskólanum.
- Auka sérkennslustjórastöðu gildi leikskólans úr 1,75 upp í 2 og auka starfshlutfall aðstoðarleikskólastjóra upp í 100%.
- Þarfagreining á húsnæði leikskólans m.t.t. þess stuðnings sem hann á að sinna.

3 Innra og ytra mat leikskólans fyrir 2020-2021

Innra mat

Tilgangur innra mats er að tryggja að réttindi barna séu virt og að þau fái þá þjónustu sem þau eiga rétt á samkvæmt lögum. Skólanámskrá leikskólans er skrifleg lýsing á því sem gert er í leikskólanum og á því sem á að gera. Þar koma fram bæði markmið og leiðir leikskólans. Skólanámskrá leikskólans setur því viðmið fyrir matið.

Hvað var metið?	Hvernig	Hverjir tóku þátt í matinu?	Helstu niðurstöður mats
Útivera	Umræður á skipulagsdegi	Starfsfólk	Styrkleikar: Allar deildir saman. Börnin fá tækifæri til könnunar Tækifæri til umbóta: Virkni starfsfólks.
Starfsþróun	Umræður á skipulagsdegi	Starfsfólk	Styrkleikar: Vel menntað starfsfólk sem leitar sér að endurmenntun Tækifæri til umbótar: Nýliðafræðsla.
Táknmálsumhverfi	Deildarstjóra- og stjórnendateymis fundi	Stjórnendur	Styrkleikar: Rík hefð til staðar fyrir táknmál. Döff starfsfólk saman á deild með döff börnum Tækifæri til umbótar: Hlusta á kröfur döff foreldra. Efla táknmálið hjá öllu starfsfólki. Tryggja starfsumhverfi táknmáls þannig að lagalegum skyldum sé framfylgt.

Ytra mat

Tilgangur ytra mats er að safna upplýsingum um viðhorf foreldra leikskólabarna og starfsmanna til að nota við innra mat leikskólans. Að auki er það liður í ytra mati skóla- og frístundasviðs og/eða Mennta- og menningarmálaráðuneytis.

Vinnustaðarkönnun

Í námskrá Sólborgar kemur fram í kafla 1.3.1. *Samvinna og ábyrgð*:

Í Sólborg starfar fólk með víðtæka þekkingu. Eitt af markmiðum starfsmanna er að móta og þróa leikskólastarf sem byggir á samvinnu fag- og uppeldisstétta. Í ljósi þess hve þýðingarmikið og gott samstarf er í Sólborg er sérstök áhersla lögð á samskipti og samskiptaleiðir í starfi leikskólans. Vettvangur samstarfs eru skipulagsdagar, starfsmannafundir, deildarfundir, deildarstjórafundir og dagleg samskipti starfsfólks. Allir deildarstarfsmenn taka þátt í vikulegum deildarfundum og er það lykilatriði í að samræma áherslur. Í daglegu starfi er lögð áhersla á að starfsfólk einskorði sig ekki við sína stofu heldur taki þátt í uppeldi allra barnanna s.s. í útiveru. Áhersla er einnig lögð á að í starfsmannahópnum séu heyrnarlausir starfsmenn sem málfyrirmyndir heyrnarlausra barna og að menning heyrnarlausra sé hluti af skólasamfélaginu.

Starfsfólk Sólborgar tók þátt í vinnustaðakönnun vorið 2021. Í ljósi þess sem kemur fram í skólanámskránni, er rétt að skoða niðurstöður könnunnar í því samhengi.

Sjö starfsmenn af 45 svöruðu könnunni, sem er eingöngu 16% þátttaka. Meðalskor allra þátta var 3,89 sem er lækkun frá könnun sem lögð var fyrir ári síðan og var skorið þá 4,31. Stjórnendur leikskólans hafa óskað eftir við Skóla-og frístundasvið að könnunin verði endurtekin, þannig að aukin þátttaka fái og niðurstöður hennar verði marktækari.

Foreldrakönnun

Foreldrakönnun var lögð fyrir foreldra Sólborgar vorið 2021. 46 foreldrar svöruðu könnunni og var svarhlutfallið 77%. Heildaránægja með leikskólann er 4,64 af fimm mögulegum. Þegar foreldrar voru spurðir um eftirfarandi þætti, var stiga skor Sólborgar þannig:

Barninu líður vel í leikskólanum 4,59. Þessi tala var 4,84 í seinustu könnun.

Tel barnið mitt vera öruggt 4,61. Þessi tala var 4,78 í seinustu könnun.

Vingjarnlegt andrúmsloft 4,61. Þessi tala var 4,84 í seinustu könnun.

Skólanum er vel stjórnað 4,14. Þessi tala var 4,78 í seinustu könnun.

Hvað var matið?	Hvernig fór matið fram?	Hverjir tóku þátt í matinu? (starfsmenn, börn, foreldrar, aðrir)	Helstu niðurstöður mats (styrkleikar og veikleikar)
Foreldrakönnun	Rafræn könnun	Foreldrar	Styrkleikar: Ánægðir foreldrar Tækifæri til umbóta: Auka við svarhlutfall. Hækka meðaleinkunn
Vinnustaðakönnun	Rafræn könnun	Starfsfólk	Styrkleikar: Sveigjanleiki í starfi, starfsöryggi og metnaður Tækifæri til umbóta: Auka við þátttöku starfsfólks, eingöngu 7 svöruðu.



4 Innra mat

4.1 Innra mat deilda

Í Sólborg eru fimm stofur. Hér í þessum öðrum kafla kemur innra mat hvernar stofu, raðað í aldursröð og hefst innra matið á mati stofu yngstu barna, Lerkistofu.

4.1.1 Innra mat Lerkistofu

Endurmat 2021

Skólaárið 2020-2021 á Lerkistofu vorum við með 10 börn, elsta barn fætt febrúar 2019 og yngsta barnið í maí sama ár. Kynjaskiptingin í hópnum var ójöfn; þrír strákar og sjö stelpur. Á stofunni var eitt barn með sérþarfir og þurfti á táknaðskennslu að halda. Fjórir kennarar fylgdu hópnum allan veturinn í 100% starfi og 1 tímavinnustarfsmaður í 8% starfi. Í byrjun skólaárs var einn leikskólakennari og þrír leikskólaliðar, en um miðjan september breytist það í tvo leikskólakennara og 2 leikskólaliða. Við vorum með gott og öflugt starfsfólk og munar þar mest um að hafa fleiri en einn leikskólakennara á deildinni. Það skiptir miklu að hafa starfsmannahóp sem gengur í takt og veit hvað skiptir máli í starfi með lítil börn.

- **Styrkleikar:** Fleiri en einn menntaður leikskólakennari á deildinni.
- **Tækifæri til umbóta:** Hafa starfsfólk með góða táknaðskunnáttu eða skipulagðara samstarf við heyrnarlaust starfsfólk.

Aðlögun: Leikskólavistun barnanna á Lerkistofu hófust í lok ágúst og byrjun september 2020 og aðlögun hópsins var að fullu lokið um miðjan september en fyrst um sinn fór tíminn aðallega í að kynnast börnunum, foreldrunum og hópnum. Við nýttum okkur rými deildarinnar eins vel og hægt var og reyndum alltaf að tvískipta hópnum milli herbergja til að nýta rýmið enn betur og gefa börnunum færi á að vera í rólegra rými.

Útivera: Öll börnin fara út fyrir hádegi og eftir drekkutíma hvern dag en að sjálfsögðu er ávallt fyllsta öryggis gætt samanber hálku, mikils frosts og sterkra vinda. Markmið útiverunnar er fyrst og fremst hreyfingin auk þess fá þau tækifæri til að kynnast nánasta umhverfi sínu og náttúrunni, sandi, mold og fuglum, svo fátt eitt sé nefnt.



Útikennsla: Allur hópurinn fer í ferðir, þar sem nærumhverfi leikskólans er skoðað á forsendum barnanna. Það sem vekur áhuga þeirra verður ljósmyndað og myndir úr ferðum hengdar upp inni á deild, í augnhæð barnanna. Þetta markmið náðist ekki á þessu skólaári.

- **Tækifæri til umbóta:** Að komast í útikennslu

Hópastarf: Börnin fara í hópastarf fjórum sinnum í viku og er þeim þá skipt niður í tvo hópa í rúmlega fjörutíu mínútur í senn. Við erum í ýmsum verkefnum t.d. könnunarleik, hlutverkaleik, lesum, syngjum, spjöllum, erum í ýmsum borðleikjum og í myndlist.

- **Styrkleikar:** Ró og friður skapast fyrir leik og skapandi starf

Íþróttir: Allir fara einu sinni í annarri hverri viku í hreyfistund í salnum. Þar setjum við upp þrautabraut, förum í hreyfileiki og hringleiki, og æfum okkur í hinum ýmsu æfingum m.a. þeim sem lagðar eru fyrir börnin í þroska prófi.

Listaskáli: Við upphaf leikskóladvalar barnanna fór listsköpun fram að mestu inni á deild út af Covid-19. Eftir áramót fórum við með litla hópa inn í listaskála, fyrst fóru allir einu sinni aðra hverja viku en mikið aukinni færni og þroska fóru allir einu sinni í viku

- **Tækifæri til umbóta:** Allir að komast í listasmiðju einu sinni í viku

Samverustund: Samverustundir eru hjá okkur tvisvar á dag, alla daga fyrir hádegismatinn og fyrir drekkutíma. Þar eru öll börnin saman og þá er lesið, sungið, farið með þulur og spjallað saman og dansað. Við notum líka tákni í þessum stundum og hreyfingar með lögum og textum.

- **Styrkleikar:** Skipulagið hélst og virkar vel

Ársmarkmið 2021-2022

Næsta skólaár halda tvo börn áfram á Lerkistofu, börn fædd 2019 og átta ný börn hefja leikskólavistun og þar með aðlögun. Sú aðlögun verður í byrjun september.

Markmið: Að börnunum líði vel og þau upplifi sig örugg, aðbúnaður og umhverfi sé hvetjandi og hæfi aldri þeirra. Unnið sé eftir námskrá Sólborgar þar sem við leggjum m.a. áherslu á félagsmál- og hreyfiþroska. Leggja áherslu á læsi og táknmál.

- Aðlögun: Að nýr barnahópur upplifi sig örugg, glöð og taki framförum við leik og störf. Þetta verður framkvæmt með þátttökuaðlögun þar sem starfsfólk er til staðar fyrir börn og foreldra og aðlögun fer fram í litlum hópum.



- Félagsfærni í leik og starfi: Að börnin læri að umgangast hvert annað og umhverfið af virðingu og læri að leika sér saman og með mismunandi efnivið. Við skiptum hópnum upp í litla hópa, þannig að ró og friður sé til leiks og starfs. Við leggjum áherslu á að kennarar séu nálægir í leik, þannig að þau finni fyrir nánd okkar. Við leggjum áherslu á vináttu og samskiptin í hópnum, lærum að skiptast á og vinna saman.
- Læsi: Að börnin safni orðaforða, geti tjáð sig, læri söngtexta og leikræna tjáningu. Þetta verður gert daglega með lestri, söng, samtölum og með því að leika saman.
- Táknmál: Leggja áherslu á að öll börn á deildinni geti skilið grunnorð á táknmáli.

Matsþáttur	Tækifæri	Aðgerðir	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Endurmat	Viðmið
Útikennsla	Auka tíðni útikennslu	Hafa það á dagsskipulagi	Allt starfsfólk deildarinnar	Janúar 2022	Maí 2022	Með ljósmyndum, skráningu og á deildarfundum	Að börnin geti gengið lengra, fara eftir reglum og leiða í hóp
Sköpun	Málun og föndur	Að skapandi efniviður verði sýnilegur. Það ýtir undir leik og sköpun eigin verka	Allt starfsfólk deildarinnar	Sept. 2021	Maí 2022	Með ljósmyndum, skráningu og á deildarfundum	Upplifun með öllum sínum skynfærum

4.1.2 Innra mat Birkistofu

Í vetur hafa verið fjórtán börn á Birkistofu, flest öll fædd seinni hluta árs 2018, fyrir utan þrjú sem eru fædd árið 2017. Níu börn hófu aðlögun haustið 2020, fimm höfðu verið skólaárið á undan. Í janúar hætti eitt barn. Við leggjum áherslu á þáttökuaðlögun, því í þáttökuaðlögun myndast góð tengsl milli foreldra og kennara sem börnin sjá, og það hjálpar þeim að treysta okkur. Fimm starfsmenn sinntu börnum á Birkistofu.

Endurmat 2021

1. Að börnunum líði vel og þau finni sig örugg, aðbúnaður og umhverfi sé hvetjandi og hæfi aldri. Börnunum virðist líða vel hjá okkur, þau treysta okkur, og það sést vel þegar einhver nýr kemur inn, þá leita þau til „gömlu“ kennaranna sinna. Aðbúnaður hæfir börnunum og umhverfið er hvetjandi, bæði til leiks og umræðna, leikefni í þeirra hæð og vel sýnilegt í glærum skúffum og með merkingar.
2. Að börnin læri að leika með opinn efnivið saman í hóp sem og einstaklingslega, inni og úti. Við höfum verið með fastan kubbadag einu sinni í viku, þar sem er leikið með allar gerðir kubba, þá erum við að aðstoða þau við að finna út hvað er hægt að gera með kubba. Svo erum við líka með könnunarleik 2x í viku. Við höfum líka notað tækifærið þegar til hafa fallið t.d. stórir kassar og tekið þá inn í leik. Við teljum okkur standa okkur vel inni, en við gætum bætt okkur í svona leikjum úti, kannski oftast að fara í útiveru og sleppa því að bjóða uppá dót.
3. Unnið sé eftir námskrá Sólborgar, þar lögð er áhersla á félags-, mál- og hreyfiþroska.

Styrkleikar: Börnin leika í fámennum hópum þar sem kennarar eru alltaf til staðar með þeim á gólfinu til að skapa nánd og traust milli kennara og barna og innan barnahópsins. Við leggjum áherslu á vináttuna og samskiptin í hópnum, lærum að skiptast á og vinna saman.

Ársmarkmið 2021-‘22

1. Gera táknmálið sýnilegra á stofunni. Næsta vetur verða börn sem tengjast íslenska táknmálinu.
2. Að börnin læri að leika með opinn efnivið saman í hóp sem og einstaklingslega, inni og úti
3. Vinna eftir námskrá Sólborgar, þar sem lögð er áhersla á félags-, mál- og hreyfiþroska.

Leiðir til árangurs:

Setja upp fleiri myndir af táknum á stofunni, merkja meira og minna alla hluti í umhverfinu, setja upp fingrastafróf.

Börnin leika í fámennum hópum þar sem kennarar eru alltaf til staðar með þeim á gólfinu til að skapa nánd og traust milli kennara og barna og innan barnahópsins. Við leggjum áherslu á vináttuna og samskiptin í hópnum, lærum að skiptast á og vinna saman.

Börnin læra almennar umgengis- og samskiptareglur sem gilda í samfélagi manna t.d. að virða rétt annarra, standa á sínu, komast að samkomulagi, sýna biðlund, hemja skap sitt, hlusta, tjá sig, biðja um aðstoð og ganga vel um umhverfið inni sem úti.

Börnin syngja daglega saman, lesum sögur og spjöllum um það sem er í gangi hverju sinni. Hvert tækifæri er notað til að auka orðaforðann, t.d. í fataklefa og við matarborðið. Vikulega fara hópar í íþróttir í salinn, en auk þess reynir útiveran á ýmsa þætti hreyfingar.

Matspáttur	Tækifæri	Aðgerðir	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Endurmat	Viðmið
Táknmál	Auka kunnáttu	Auka samvinnu stofu	Starfsfólk stofu	Sept. 2021	Mái 2022	Endurmat á miðri önn og að lokinni önn	Að börnin kynnist táknmáli

4.1.3 Innra mat Furustofu

Endurmat 2021

Veturinn 2020-2021 voru sextán börn á Furustofu. Hluti barnanna hafði verið hjá okkur veturinn áður og við bættist hópur barna af Birkistofu. Aðlögunin gekk mjög vel, þau sem komu ný á stofuna komu í hópi vina og höfðu styrk hvert af öðru. Nokkur hreyfing var í starfsmannahópnum.

Þrátt fyrir covid, þá gekk okkur nokkuð vel að halda dagskipulaginu og skipulögðu starfi gangandi. Listaskáli datt út á tímabili, þar sem nýta þurfti hann undir kaffistofu kennara, þegar við þurftum að hólfskipta kennarahópnum. Við færðum þá það sem við gátum í málningarvinnu inn á stofu eða nýttum okkur salinn, þegar hann var laus. Íþróttir héldum við að mestu gangandi. Þegar ekki mátti nota tækin í salnum, þá breyttum við til og fórum í jóga eða gólfleiki. Söngur í sal féll niður m.a. vegna hólfskiptingar og fjöldatakmakanna og söknuðum við þess að geta ekki sungið saman í salnum. Við vorum dugleg að hafa öflugar söngstundir inni á stofu, þar sem börnin lærðu mörg og fjölbreytt lög. Táknmálsstundir héldu sér og lærðu allir nafnatáknið sitt, litina á táknmáli, tákn fyrir dýrin o.fl.

Stytting vinnuvikunnar hefur gengið mjög vel. Allt starfsfólk stofunnar er sammála um að hún skipti þá miklu máli. Mjög sjaldan höfum við þurft að fella hana niður og biðja fólk um að vinna lengur. Kennarar eru liðlegir að hliðra til, ef þörf er á.



- **Styrkleikar:** Einstaklega samheldinn og þægilegur barnahópur.
- **Tækifæri til umbóta:** Skipulagt starf þegar CoVid-19 afléttingar verða að veruleika.

Ársmarkmið 2021-2022

Þennan vetur verða áfram 16 börn á Furustofu, sömu börn og voru síðasta vetur, nema hvað eitt barn hættir vegna flutnings og nýtt barna kemur í staðinn af Birkistofu. Markmið Furustofu er að börnunum líði vel, þau upplifi sig örugg og aðbúnaður og umhverfi sé hvetjandi og hæfi aldri þeirra.

Leiðir Furustofu að því markmiði verða með eftirfarandi hætti: Barnahópnum verður skipt upp í smærri hóp, eins og kostur er á. Tekið verður tillit til vilja barnanna um viðfangsefni og leikfélaga í þessum skiptingum. Með fámennari hópum náum næst ró og ánægja í leiknum og hvert barn fær notið sín. Kennarar eru nálægir í leik, að þeir sitji við borð með þeim sem eru í borðvinnu og séu nálægir þeim sem eru í gólfleikjum. Þannig finna börnin fyrir nánd okkar. Kennarar verði duglegir að skipta út leikefni og athugi að það hæfi aldri barnanna. Næsta vetur verður lögð meiri áhersla á að þau ræði sín á milli og leysi deilur sjálf, en kennarar verði til staðar ef á þarf að halda.

Önnur markmið Furustofu verða m.a. að unnið sé eftir námskrá Sólborgar, þar sem lögð verður áhersla á félagsþroska og samskipti, mál- og hreyfiþroska. Áhersluþættir verða áfram læsi og táknmálskennslu. Við komum til með að nýta hvert tækifæri til að vinna með málþroska, með sögn, rímum, lestri sagna, umræðum og tækifæri gripin þegar ný orð verða á vegi barnanna. Áfram verður áhersla á hreyfingu, bæði í íþróttum í sal og í útiveru. Fjölbreyttar aðferðir nýttar til að nota í sögu- og samverustundum. T.d. flæðilestur, sögugerð og bókin um Lubba.

- **Styrkleikar:** Sígild leikskólakennsla í formi söngstunda, listsköpunar og aðlögun á venjur.
- **Tækifæri til umbóta:** Nánari samvinna kennara og starfsfólks stofunnar. Meiri nánd kennara við leik barnanna.

Matspáttur	Tækifæri	Aðgerðir	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Endurmat	Viðmið
Sögu- og samverustundir	Að auka málþroska barnanna	Endurmenntun starfsfólks	Starfsfólk stofu	Sept. 2021	Maí 2022	Endurmat á miðri önn og að lokinni önn	Virk og ánægð börn

4.1.4 Innra mat Víðistofu

Skólaárið 2020-2021 voru átta börn fædd 2016 og sex börn fædd 2018. Í maí 2021 bættist í hópinn barn fætt árið 2017. Við erum með sameiginleg markmið fyrir allan barnahópinn sem snýr að læsi og málskilningi, bæði á íslensku og íslensku táknmáli þar sem hvoru tveggja er móðurmál þeirra.

Endurmat 2021

Vel hefur gegnið að vinna að sameiginlegum markmiðum fyrir barnahópinn. Eldri börnin þekkja stafina vel, yngri hópurinn þekkir sinn staf og sýnir starfrófinu áhuga. Færni hópsins er mismunandi. Nokkrir eldri drengjanna eru tilbúnir að skrifa orð, hafa sýnt því áhuga. Við ætlum að styðja þá í því. Stafrófið og myndir af táknum eru í þeirra hæð og því mjög sýnilegt. Við lesum sögur í hvíldinni fyrir þau sem ekki sofa, sagan er síðan rædd, spáum í atvik og ákveðin orð.

- **Styrkleikar:** Eflum lesskilning, áhugasöm og fær börn um stafina. Gott að hafa blandaðan barnahóp, yngri börnin krefja okkur um að vera skýr og setja hlutina fram á einfaldan hátt sem gagnast þeim eldri.
- **Tækifæri til umbóta:** Markmiðin þurfa að vera sýnilegri og hafa umræður um þau á deildarfundum, annars gleymast þau.

Ársmarkmið 2021-’22

Taka inn þemu, lesa um ákveðin þemu eins og tröll, flétta þá umræðu betur inn í starfið. Hugmynd um að nota regnbogann, lesa um hann, læra litina í gegnum umræðuna og í listsköpun. Höldum áfram að setja myndir með tákni, bókstöfum og fingrastafrófi á veggina og gera sýnilegt fyrir börnin. Deildarstjóri og starfsfólk stofunnar bera ábyrgð og endurmat fer fram sem rýni/rökræður á deildarfundum ásamt skriflegu endurmati tvisvar sinnum á ári.

1. Valdefling barna. Vinnum að því að efla sjálfstæði og sjálfshjálp barnanna í matartímanum og í fataklefanum.. Tengjum þetta við starfsáætlun og árstíðum hverju sinni.
2. Læsi. Efla læsi barna á íslensku og íslensku táknmáli. Efla málskilning og læsi. Þetta verður gert með því að lesa bækur, endursegja sögur og leika með rím og orð.

Matspáttur	Tækifæri	Aðgerðir	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Endurmat	Viðmið
Valdefling	Að efla sjálfstæði þeirra í fataklefa og í matsal	Minni hópar í fataklefa, leikrit í samverustund, almenn umræða	Allt starfsfólk.	Janúar 2022	Mái 2022	Deildarfundir	Gæðalýsingar og mælikvarðar.
Læsi	Efla málaskilning og læsi	Lesi sögur, endursegja þær og ræða um þær.	Allt starfsfólk.	Janúar 2022	Mái 2022		
Málfar	Hafa stafrófið sýnilegt á deild		Allt starfsfólk.	Janúar 2022	Mái 2022		

4.1.5 Innra mat Reynistofu

Endurmat 2021

Á Reynistofu þetta skólaárið voru 23 börn lengst af en svo bættist eitt barn í lokin og þá enduðu þau 24. Hópurinn skiptist í útskriftarargang fædd árið 2015, tólf börn (síðar meir þrettán) og ellefu í yngri hópi, fædd árið 2016. Útskriftarhópurinn skiptist í sjö stráka og þar af þrjú með stuðning, og 6 stelpur og þar af 1 með stuðning. Yngri hópurinn samanstóð einungis af stelpum og þar af einni með stuðning.

Markmiðin fyrir skólaárið 2020-2021 voru:

Táknmál: Döff og heyrandi vinna saman

Söngstundir: Syngja meira

Elstu barna starf: Þemavinna með Þúsaldarljóðið í forgrunni

Læsi: Leikræn tjáning og lestur

Útskriftarhópurinn var eins og undanfarin ár að vinna að ýmsum þemaverkefnum tengdum Þúsaldarljóðinu og frumefnunum jörð, vatn, loft og eldur ásamt því að æfa skólafærni eins og t.d. að kynnast stafrófinu og æfa sig að skrifa stafi og orð. Einnig var unnið með stærðfræði,

tölur, form, magn og mælingar. Farnar voru margvíslegar ferðir út í náttúruna og heimsóknir á á söfn í tengslum við þemaverkefnið.

Með yngri hópnum var lögð áhersla á félagsþroska, málþroska og hreyfingu í gegnum leik, söng og rím. Unnið var markvisst með vísur og þulur sem þær lærðu utan af og lögð var áhersla á hlustun, einbeitingu og að fara eftir fyrirmælum. Útikennslan var mikilvægur þáttur þar sem ýmis verkefni voru lögð fyrir hópinn. Báðir hóparnir æfðu leiksýningu með búningum og leikmynd.

Starfið á Reynistofu þetta skólaárið gekk vel að mati alls starfsfólks stofunnar. Samstarf kennara og starfsfólks gekk mjög vel fyrir utan smá hnökra sem þó leystust farsællega. Börnin lærðu af því að hafa samskipti við döff kennara og nýta sér túlkinn okkar sem er mjög þýðingarmikið í sameiginlegu starfi döff og heyrandi. Allt starfsfólkið tók þátt í að vinna að markmiðum barnanna með sérþarfir sem er mjög mikilvægt og á að endurspegla hvað við sem sérhæfður leikskóli stöndum fyrir. Helsta áskorunin sem við stóðum frammi fyrir var hegðun nokkurra einstaklinga sem læddist aftan að okkur og þurftum við að fara í ýmsar aðgerðir til að uppræta þessa hegðun. Aðgerðirnar skiluðu árangri til hins betra og munum við búa að þessari reynslu og byrgja brunninn fyrir næstkomandi skólaár. Við vildum leggja áherslu á að syngja meira. Við vorum með söngkennara sem tók að sér söngstundir á hverjum degi og svo var hún með svokallaðar tónastundir sem byggðust á söng, hlustun, hljóðfærum og hreyfingu. Hún sér fyrir sér að hafa þessar tónastundir 3 sinnum á vetri í ákveðnum lotum. Söngkennarinn sá einnig um að þjálfa útskriftarhópinn í söng og framkomu.

- **Styrkleikar:** Samskipti heyrandi barna við döff kennara. Allt starfsfólk vann saman að sameiginlegum markmiðum barna með sérþarfir og stuðning. Samstillt átak starfshópsins.
- **Tækifæri til umbóta:** Fleiri söngstundir. Vakandi fyrir óæskilegri hegðun í barnahópnum.

Samstarf við Hlíðaskóla

Helmingur útskriftarhópsins, sex börn, munu koma til með að sækja grunnskólanám í Hlíðaskóla. Þeim var boðið í Eldflaugina 10. mars og í grunnskólakynningu fljótlega á eftir. Elstu börn næsta skólaárs, börn fædd árið 2016, verða staðsett á Reynistofu, og verða þau átján talsins. Deildarstjóri Reynistofu verður þeirra tengiliður við Hlíðaskóla. Af hálfu Hlíðaskóla verða tengiliðirnir stjórnendateymi skrifstofu og forstöðuaðili frístundarinnar.



Ársmarkmið 2021-‘22

Á næsta skólaári verður Reynistofa með stóran útskriftarárgang fæddan 2016 og svo lítinn hóp af börnum sem eru tveimur árum yngri, fædd 2018. Í báðum hópunum verða börn sem þurfa táknmál og því verður Reynistofa áfram stofa fyrir döff og heyrandi saman. Þá verður aukið við döff starfsfólki sem sér um döff kennslustundir og áherslan verður að hafa táknmálsumhverfið veigameira en það hefur verið.

Leiðir til árangurs:

Matsþáttur	Tækifæri	Aðgerðir	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Endurmat	Viðmið
Elstu barna verkefni	Efla grunnskólafærni	Þúsaldarljóð, frumefnin fjögur og skólafærni	Allt starfsfólk	Haut 2022	Vor 2022	Deildarfundir	Færni
Söngstundir:	Söngstundir	Söngur, hlustun, hljóðfæri og hreyfing		Haut 2022	Vor 2022	Deildarfundir	Kynnast mismunandi tilbrigðum tónlistar
Táknmál:	Samvinna döff og heyrandi	Táknmálskeensla og -túlkun	Deildarstjóri, táknmálstúlkur, kennslustjóri í táknmáls	Haut 2022	Vor 2022	Sérkennslustundir, deildarfundir	Að börn og starfsfólk læri táknmál
Lestur og leikræn tjáning:	Samverustundir	Hlustun, einbeiting og tjáning	Allt starfsfólk	Haut 2022	Vor 2022	Deildarfundir	Færni
Hegðun og framkoma:	Snemmtæk innngrip	Agi, kurteisi og tillitssemi.	Allt starfsfólk	Haut 2022	Vor 2022	Deildarfundir	Allt starfsfólk samstíga



5 Innra mat fagstjórnenda

5.1 Innra mat sérkennslu

Í Sólborg er 1,75 stöðugildi sérkennslustjóra. Ásamt deildarstjórum, hafa þeir yfirumsjón með námi barna með sérþarfir, gerð einstaklingsnámskráa og eftirfylgd þeirra. Þeir sinna ráðgjöf til starfsmanna og halda utan um samstarf við foreldra, utanaðkomandi sérfræðinga og sjá um skipulagningu samráðs og reglulegra teymisfunda og sitja deildarfundi eftir þörfum.

Meginþættir sérkennslunnar líta að eftirfarandi þáttum:

- Kennsla heyrnarskertra og heyrnarlausra barna, sem reiða sig á táknmál til samskipta.
- Atferlisþjálfun barna með einhverfu.
- Snemmtæk íhlutun vegna barna með seinkaðan málþroska
- Markviss og skipulögð þjálfun barna með önnur þroskafrávik varðandi mál- og hreyfiþroska, hegðun og aðrar skilgreindar sérþarfir.

Sólborg hefur átt samstarf við sérfræðinga og fengið ráðgjöf frá eftirfarandi aðilum:

- Sjúkra- og iðjuþjálfar
- Talmeinafræðinga
- Greiningar- og ráðgjafarstöð Ríkisins
- Samskiptamiðstöð heyrnarlausra og heyrnarskertra (SHH)
- Heyrnar- og talmeinastöð (HTÍ)
- Þjónustumiðstöð Vesturbæjar, Miðborgar og Hlíða

Það tókst vel að aðlag vinnu þeirra sérfræðinga sem Sólborg átti í samstarfi við, þrátt fyrir covid-19 og lokanir. Þekking þeirra hefur skilað sér vel bæði til starfsfólks og barnanna. Allir aðilar hafa tileinkað sér útsjónarsemi og sveigjanleika, nýjar aðferðir og hafa fylgt málum vel eftir í daglegu starfi.

Endurmat 2021

Á síðasta ári voru sextán börn sem nutu sérkennslu í Sólborg. Börnin hafa skilgreindar fatlanir á sviði heyrnarskerðingar, einhverfu, þroskaskerðingar, sjónskerðingar og málröskunar. Úthlutaðir stuðningstímar vegna þessara barna voru 97 tímar. Í 1. flokki voru tólf börn og í 2. flokki voru fjögur börn.

Sérkennslunni sinna tíu starfsmenn, þeir bera ábyrgð á að markmiðum einstaklingsnámskrár sé fylgt eftir. Þeir sjá til þess að unnið sé að markmiðunum í samvinnu við annað starfsfólks, líkt og stefna skólans segir til um. Barn sem nýtur stuðnings, er fyrst og fremst barn í leikskólanum. Stuðningur þess er ætlaður að styðja við barnahópinn, þannig að öll börn geti átt hlutdeild í leikskólastarfinu. Það hefur verið og verður áfram aðalmarkmið þeirra starfsmanna sem sinna sérkennslu í Sólborg

- **Styrkleikar:** Skýr stefna leikskólans varðandi sérkennslu og nám barna með sérþarfir. Þverfaglegur starfsmannahópur er mjög mikilvægur í þessari vinnu.

Ársmarkmið 2021-‘22

Haustið 2021 bæstist við ný staða í teymi sérkennslustjóri. Ráðinn var inn kennslustjóri táknaðs. Það verður styrkur fyrir Sólborg að sérhæfing leikskólans verði enn þá sterkari og skýrari með tilkomu stöðunnar.

Markmið: Að starfsfólk sem sinnir sérkennslu deili reynslu, hugmyndum og verkefnum sínum á milli og fái að vera í sérkennslu með hvort öðru inni á deild eða vinnustundum. Sérkennslustjórar stefna að því tengja meira starfsfólk saman og hvetja það til að fylgjast með sérkennslu hvert hjá öðru.

Mat á sérkennslu 2020-2021

Skipulagning sérkennslu 2020-2021: Menntun án aðgreiningar er einn af starfsgrundvöllum Sólborgar og sérkennsla því alltaf skipulögð út frá þeirri hugmyndafræði. Þarfir barnsins eru í forgrunni og sérkennsla fer ýmist fram inná deild, í hópi barna eða einstaklingskennslu. Sérkennsla var skipulögð af sérkennslustjórum í samstarfi við deildastjóra.

Skráningar um þroska framvindu hvers barns eru gerðar tvisvar á ári. Börn með sérþarfir eru auk þess með einstaklingsnámskrá þar sett eru fram langtíma- og skammtíamarkmið sem metin eru 2-3 á önn. Í einstaklingsvinnu eru notuð eyðublöð þar sem viðfangsefni og endurmat tímans er skráð. Í atferlisþjálfun eru notuð þar til gerð skráningarblöð. Myndbandsupptökur eru einnig notaðar sem skráningarform.

Notkun matsgagna og námsefnis

- AEPS og Íslenski þroskalistinn
- Smábarnalistinn
- Orðaskil
- Táknaöafn
- EFI-2
- HLJÓM-2
- Möppumat
- NEAP – heyrnræn greining
- Atferlislistar
- Leikur að læra
- Lærum og Hlustum
- Í talnalandi
- Lubbi finnur málbein
- Maxímús Músikmús

Leiðir til árangurs:

Matsþáttur	Tækifæri	Aðgerðir	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Endurmat	Viðmið
Samráðsfundir ábyrgðarmanna einstaklingáætla	Skipulagðir fundir einu sinni á önn.		Sérkennslustj.	Haut nóv	Vor Mars	Umræðumat	Að fundirnir verði
Að táknmál verði sýnilegra	Að táknmál verði sýnilegra	Ný staða kennslustjóra táknmáls	Kennslustjóri táknmáls.	Haut	Vor 2022		Aukin táknmálsnotkun allra
Heimsóknir sérkennara	Tvisvar á önn			Haut	Maí 2022	Spurningakönnun að vori	Deildarsamvinna



5.2 Innra mat táknmálstúlks

Í Sólborg er eitt stöðugildi táknmálstúlks. Veturinn 2020-21 fengu sex börn táknmálstúlkun í daglegu starfi og fjórir starfsmenn á tveimur deildum nýttu sér táknmálstúlk á deildafundum, starfsviðtölum og öðrum tilfallandi samtölum við yfirmenn, starfsfólk og foreldra. Alls sex foreldrar notuðu túlk í foreldraviðtölum, námsskrárviðtölum og öðrum tilfallandi samtölum við leikskólastjóra, deildarstjóra og aðra starfsmenn.

Helstu verkefni túlks eru að túlka:

- Foreldra- og námskrárviðtöl
- Starfsmannaviðtöl og deildafundir
- Fréttir á heimasíðu
- Fyrir börn í daglegu starfi, s.s. samverustundir, söngstund og aðrar upptökur í sal
- Aðra tilfallandi fundi og samtöl milli foreldra og starfsfólks

Endurmat 2021

Túlkur fékk handleiðslu hjá Samskiptamiðstöð heyrnarlaustra og heyrnarskertra (SHH) einu sinni yfir veturinn og mun halda því áfram.

Túlkur var í starfshóp með öðrum túlkum frá SHH og Hlíðaskóla sem fjarfundaði fjórum sinnum yfir árið og hefur hópurinn í kjölfarið ákveðið að vinna saman að verkefnum þar sem rýnt verður í túlkun fyrir börn. Þetta verður því áframhaldandi verkefni næsta ár.

- **Tækifæri til umbóta:** Fylgjast með túlkum að störfum í Hlíðaskóla.

5 Innra mat – fjöltyngd börn

Í leikskólanum Sólborg voru tólf börn sem höfðu einnig annað tungumál, en íslensku og íslenskt táknmál, sem móðurmál. Börnin fengu sinn stuðning í gegnum leik og skapandi starf ásamt því að sérkennslustjóri, í samráði við deildarstjóra, athugaði málsskilning barna ef grunur lék á skerta færni í íslensku, m.v. jafnaldra. Ef þannig var í pottinn búið, fékk barnið stuðning í sérkennsluherbergi og málörvun í gegnum hópastarf.

Fjármagninu sem er úthlutað til Sólborgar vegna fjöltyngdra barna er ráðstafað með kaupum á málörvunarefni s.s. kennsluefni, bókum, spilum og fyrirlestrum fyrir starfsfólk. Markvisst er unnið með daglegan grunnorðaforða með markvissri málörvun í öllu daglegu starfi, s.s. *Gefðu*

Tíu. Orðaforði barnanna er markvisst dýpkaður með því að orð eru sett á athafnir barnanna, með lestri bóka og söngstundum ásamt öðru sem samræmist læsisstefnu Sólborgar. Sú stefna er grunntónn í öllu daglegu starfi og málörvun allra barna í leikskólanum. Fylgst er með framförum fjöltyngdra barna í íslensku með skráningum um þroska framvindu þeirra. Notað er svokallað möppumat tvisvar á ári, og jafnvel oftar, ef þurfa þykir. Þannig er málþroski sérstaklega skráður. Einnig eru orðaforðalistar notaðir til þess að fylgjast með framförum barnanna. Hugað er að flestu öllum þáttum máls og virkri þátttöku barnanna að mati stjórnenda Sólborgar.

Ársmarkmið 2021-’22

Matsþáttur	Tækifæri	Aðgerðir	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Mat	Viðmið
Orð úr móðurmáli barnsins gerð sýnileg	Að barn sjái orð úr móðurmáli sínu.	Orð hengd upp á móðurmáli barnsins.	Deildastjórar og starfsfólk deilda.	Haust 2021	Vor 2022	Sýnileiki	Meðvitund

6 Starfsþróunarsamtöl og fræðsla

Starfsþróunarsamtöl

Starfsþróunarsamtöl voru í höndum leikskólastjóra og fóru fram á tímabilinu apríl-maí 2021. Unnið var úr samtölunum og ákvörðun tekin um deildarskiptingu starfsfólks með tilliti til þeirra. Stefna stjórnenda er að brjóta upp á fyrirkomulagið næsta skólaár og aðstoðarleikskólastjóri komi til jafns við leikskólastjóra að samtölunum. Þá er áætlað að byrja strax að hausti og hafa þau hnitmiðuð og skýr.

Námskeið og fræðsla utanhúss:

- Leikskólastjóri sótti nám í Opinberri stjórnsýslu. Margar hugmyndir komu að því hvernig Sólborg gætti bætt verklag sitt, út frá námsþátttökunni.
- Leikskóla- og aðstoðarleikskólastjóri fengu handleiðslu yfir skólaárið.
- Leikskólastjóri sinnti ráðgjöf fyrir Skóla -og frístundasvið vegna styttingu vinnuviku.
- Aðstoðarleikskólastjóri og annar sérkennslustjóranna sátu í starfshópi um menntaumhverfi íslensks tákn máls frá september 2020 fram í janúar 2021.
- Aðstoðarleikskólastjóri sótti eftirfarandi námskeið: *Að eiga við erfiða einstaklinga*, haldið af Þekkingarmiðlun – Nóv ’20



- Aðstoðarleikskólastjóri hélt fyrirlestra í átta leikskólum um *Opinn Efnivið*.
- Sérkennslustjóri fór á fræðsludag hjá Félagi sérkennara í nóvember.
- Sérkennslustjóri sinnti ráðgjöf í leikskóla í Reykjavík og á landsvísu.
- Þrír starfsmenn sóttu haustráðstefnu *Greiningar-og Ráðgjafarmiðstöð Ríkisins*, sem haldin var með fjarfunarbúnaði og streymi.
- Einn starfsmaður fór á námskeið í atferlisþjálfun hjá GRSR; að vori.
- Einn starfsmaður hefur sótt leikskólaliðanám í vetur og annar sótt stuðningsaðilanám í vetur.
- Einn þroskaþjálfanemi dvaldist í Sólborg í tvær vikur mars. Hún fékk handleiðslu yfirþroskaþjálfara.

Námskeið og fræðsla innanhúss:

- Tólf starfsmenn sátu táknmálsnámskeið á vegum Sólborgar. Níu sóttu byrjendanámskeið á vorönn og þrír sóttu framhaldsnámskeið á haustönn. Námskeið haustsins fór fram á fjarfundum. Námskeið vorsins var hægt að halda í salarkynnum Sólborgar, en þurfti tvisvar að fresta og lauk í lok maí.
- Starfsfólk fékk fræðslu um jafnréttismenntun, þegar Sólveig Björg leikskólakennari, mætti á starfsmannafund um miðjan febrúar og sagði okkur frá lokaritgerð seinni.
- Starfsfólk fékk fræðslu um *Opinn Efnivið*, þegar Sigurbaldur leikskólakennari og aðstoðarleikskólastjóri, hélt fyrirlestur um miðjan mars.
- Starfsfólk fékk fræðslu um gildi tónlistar í leikskólanámi barna, frá Dr. Helgu Rut frá Tónagull og var fyrirlesturinn um miðjan mars.
- Starfsfólk fékk í undirbúningstíma sínum að taka þátt í menntastefnumóti Skóla-og frístundasviðs.

Eftirfarandi er ágríp þeirra skipulagsdaga sem voru haldnir skólaárið 2020-21.

31. ágúst 2020 – Starfsmannahópurinn fékk fyrirlestur um menningu döff fólks, frá Júlíu Guðný Hreinsdóttur, sem mættu á vegum SHH, ásamt táknmálstúlki. Sérkennslustjórar fóru yfir SET lista SMT og sérþarfir þeirra barna sem fá til þess stuðnings. Ákveðið var að hætta með SMT í leikskólanum að ósk deildarstjóra. Einnig var ákveðið að hætta að óska eftir Grænfána en halda áfram umhverfismennt barna, á þeirra forsendum. Að lokum var ný skemmtinefnd kosin.



2. nóvember 2020 – Í ljósi þess að þriðja bylgja kórónaveirufaraldursins var risin, var ákveðið að á Íslandi ríkti tíu manna samkomutakmörkun á Íslandi. Allt skólakerfið varð að bregðast við og var hluti viðbragðanna að setja á skipulagsdag. Hann fór fram þannig í Sólborg að deildarstjórar mættu klukkan átta og réðu ráðum sínum ásamt leikskólastjóra. Allt annað starfsfólk mætti og fór beint inn á sínar deildar og fékk þær upplýsingar sem þurftu. Eftir hádegismat, sem var borin inn á deild, fór hvert hólf fyrir sig og setti upp kaffistofuna sem þurfti að útbúa. Þrjú hólfi voru útbúin og voru tvo þeirra í aðalbyggingu. Reynistofa var síðan úti í Skógarhúsi, ásamt einum sérkennslustjóra og leikskólastjóra. Foreldrar máttu ekki koma inn í leikskólann. Dyrabjöllur voru færðar út og gátu foreldrar hringt henni til þess að ná sambandi við deildarstarfsfólk, sem mætti og tók við börnunum. Algjörlega fordæmalausir tímar.

3. desember 2020 – Dagurinn hófst á starfsmannafundi í gegnum fjarfundarbúnað. Hver deild var inni á sinni stofu og stjórnendur á sinni skrifstofu. Rætt um hvernig stytting vinnuvikunnar gengi og lögð mikil áhersla á að starfsfólk skilaði inn veikindavottorðum vegna veikinda. Teikningin á nýju eldhúsi sýnd, farið var í framkvæmdir þess tímabilið 7. maí til 6. júní. Við ræddum árið í heild sinni og ljóst að mikið hafði gerst á þessu erfiða og annasama ári. Að loknum starfsmannafundi fóru hólfin þrjú inn á afmörkuð og afgirt rými og ræddu innra starf Sólborgar. Þrjú umræðuefni voru lögð til grundvallar; a) starfsþróun, b) Aga- og uppbyggingarstefnur og c) Námskrá og áherslur hennar.

25. janúar 2021 – Starfsmannafundur að loknum vinnudegi. Leikskólastjóri fór yfir starfslýsingar starfsfólks og stjórnenda í Sólborg skv. kjarasamningum. Fyrirlestur um ábyrgð verksviða, þannig að þegar skörun verksviða verður, sé ljóst hver sé með ábyrgðina. Rætt um þann alvarlega trúnaðarþrest sem hefði komið upp vegna illis baktals í garð leikskóla- og aðstoðarleikskólastjóra.

16. mars 2021 – Fyrsti skipulagsdagurinn í hálf t. ári, þar sem allur starfsmannahópurinn fékk að vera saman. Við vorum með starfsmannafund í sal, þar sem ýmislegt var rætt. Stéttarfélögin fóru síðan hvert í sínu lagi og ræddi fjögur atriði; 1) Undirbúningstímar, heima og heiman. 2) Vinnuaðstaða leikskólans. 3) Stytting vinnuviku. 4) Veikindaprósenta og lágt hlutfall Sólborgar. Við fengum kynningu á Opnum Efnivið með fyrirlestri Sigurbaldurs og þá mætti Dr. Helga Rut Guðmundsdóttir og fræddi okkur um hvernig einföld tónlistariðkun með börnum leggur grunninn að málvitund, máltöku og forlestrarfærni í leikskóla



10. maí 2021 – Þessi skipulagsdagur var undir heitinu Menntastefnumót. Stjórnendur Sólborgar ákváðu, þegar í ljós kom eftir tilmæli heilbrigðisráðherra að fimmtíu manns mættu vera saman, að starfsfólk gæti nýtt sína undirbúningstíma til að horfa á efnið sem var í boði á menntastefnumótinu og hélt sinn eigin skipulagsdag, sem hófst á starfsmannafundi. Síðan var skipt í þrjú hólf og hlutverk kennara í útiveru rætt. Eftir hádegi fór síðan hver deild á sína stofu og útfærði þá starfsáætlun, sem hér er lesin, byggt á endurmati fyrir skólárið sem leið.

7 Foreldrasamvinna

Foreldrafélag

Eins og hefur komið fram á mörgum stöðum í þessari starfáætlun setti heimsfaraldur CoVid-19 strik í reikninginn og foreldrafélagið fór ekki varhluta af því. Fyrirhugaður aðalfundur félagsins að hausti fór ekki fram fyrr en undir lok mars og þá í gegnum fjarfundarbúnað. Hann var vel sóttur og ákvörðun tekin um gjöf til útskriftarbarna og þátttöku við matarkostnað vegna sumarhátíðar Sólborgar þann 10. júní.

Foreldrafélagið samanstóð af eftirfarandi foreldrum:

Theódór Kjartasson, formaður

Þórólfur Björn Einarsson, gjaldkeri

Elín Ástrós Þórarinsdóttir, ritari

Elva Björk Traustadóttir, meðstjórnandi

Foreldraviðtöl og -kynningar

Foreldraviðtölum að hausti var aflýst, en þau eru að jafnaði stutt og til þess að hlusta á óskir foreldra. Hefðbundnu viðtölin að vori, þar sem leikskólakennarar barnanna hafa fyllt í gátlista og möppumat, fór fram í byrjun maí, þegar tilslakanir voru orðnar nógu miklar. Engin formleg kynning fór fram á deildum þetta skólaárið og það er hægt að geta sér til um hver ástæðan að baki því lá.



8 Skipulagsdagar og leikskóladagatal

Annað árið í röð frestaði starfsmannahópur Sólborgar námsferð til Brighton. Þeir tveir skipulagsdagar sem áttu að fara í ferðina, færast yfir á næsta skólaár. Þeir dagar verða klemmdir utan á Uppstigningardaginn í maí 2022.

Eftirfarandi er áætlun Sólborgar um skipulagsdaga skólaársins 2021-2022:

Fimmtudaginn 5. ágúst 2021 – *½ dagur, fyrir hádegi (Sólborg opnar kl. 12:30)*

Mánudaginn 30. ágúst

Föstudaginn 12. nóvember – *Sameiginlegur í hverfinu*

Mánudaginn 03. janúar 2022 – *Sameiginlegur í hverfinu*

Mánudaginn 07. febrúar – *Sameiginlegur með leikskólum Reykjavíkur*

Miðvikudaginn 16. mars

Miðvikudaginn 25. & **föstudaginn** 27. maí – *Námsferð, frestuð frá vori '20*

Föstudaginn 8. júlí – *½ dagur, eftir hádegi (Sólborg lokar kl. 12:30)*



9 Umsögn foreldraráðs

Samkvæmt 11.gr. laga um leikskóla frá 2008 er hlutverk foreldraráðs að gefa umsagnir til leikskóla og nefndar, sbr. 2. mgr. 4. gr., um skólanámskrá og aðrar áætlanir sem varða starfsemi leikskólans. Þá skal ráðið fylgjast með framkvæmd skólanámskrár og annarra áætlana innan leikskólans og kynningu þeirra fyrir foreldrum. Foreldraráð hefur umsagnarrétt um allar meiri háttar breytingar á leikskólastarfi. Starfsáætlun telst ekki samþykkt í skóla- og frístundaráði án umsagnar foreldraráðs

Samkvæmt 11.gr. laga um leikskóla frá 2008 er hlutverk foreldraráðs að gefa umsagnir til leikskóla og nefndar, sbr. 2. mgr. 4. gr., um skólanámskrá og aðrar áætlanir sem varða starfsemi leikskólans. Þá skal ráðið fylgjast með framkvæmd skólanámskrár og annarra áætlana innan leikskólans og kynningu þeirra fyrir foreldrum. Foreldraráð hefur umsagnarrétt um allar meiri háttar breytingar á leikskólastarfi.

Umsögn foreldraráðs:

Foreldraráð leikskólans Sólborg hefur yfirfarið starfsáætlunina og tekur undir markmið starfsáætlunar komandi starfsárs og fagnar þeim ánægjulegu breytingum sem orðið hafa á lóð leikskólans til hins betra. Þá er starfsfólki leiksskólans þakkað fyrir gott starf við krefjandi aðstæður á umliðnum vetri. Í starfsáætlun er m.a. lagt til að prófa hálfa starfsdaga við opnun leikskólans að hausti og lokun hans að sumri. Jafnframt er lagt til að tveir skipulagsdagar sem upphaflega voru ætlaðir fyrir námsferð starfsfólks erlendis skólaárið 2019-2020 verði þess í stað á komandi skólaári. Umrædd námsferð hefur því miður frestast sökum heimsfaraldurs og styður því foreldraráðið heilshugar þá tilhögun svo að starfsfólk leikskólans geti sótt námsferðina. Foreldraráð gerir ekki athugasemd við hálfa starfsdaga við upphaf og lok skólaárs en bendir á að sá háttur á geti reynst þeim foreldrum örðugur sem eigi lítinn frítökurétt eða vinni vaktavinnu.

Foreldraráð leikskólans skipa:

Þórir Auðólfsson, foreldri á Reyni- og Furustofu

Svanfríður Guðmundsdóttir, foreldri á Víði- og Birkistofu

Theodór Kjartansson, foreldri á Víðistofu



Framtíðarsýn skóla og frístundasviðs:

Í kraftmiklu skóla- og frístundastarfi öðlast börn og unglingar menntun og reynslu til að láta drauma sína rætast og hafa jákvæð áhrif á umhverfi og samfélag.

Samband íslenskra
sveitarfélaga

Leikskóladagatal 2021 - 2022

Nafn leikskóla

Sólborg

ÁGÚST	SEPTEMBER	OKTÓBER	NÓVEMBER	DESEMBER	JANÚAR	FEBRÚAR	MARS	APRÍL	MAÍ	JÚNÍ	JÚLÍ
1 S		1 M	1 F	1 M	1 M Fullveldisdagurinn	1 L Nýársdagur	1 Þ	1 Þ Sprengidagur	1 F	1 S Verkalýðsdagurinn	1 M
2 M	Friðagur verslunarmanna	2 F	2 L	2 Þ	2 F	2 S	2 M	2 M Öskudagur	2 L	2 M	2 F
3 Þ		3 F	3 S	3 M	3 F	3 M Skipulagsdagur	3 F	3 F	3 S	3 Þ	3 F
4 M		4 L	4 M	4 F	4 L	4 Þ	4 F	4 F	4 M	4 M	4 L
5 F	Sólborg opnar 12:30	5 S	5 Þ	5 F	5 S	5 M	5 L	5 L	5 Þ Barnamenningarhátíð	5 F	5 S Hvítasunnudagur
6 F		6 M	6 M	6 L	6 M	6 F Þrettándinn	6 S	6 S Dagur leikskólans	6 M	6 F	6 M Annar í Hvítasunnu
7 L		7 Þ	7 F	7 S	7 Þ	7 F	7 M Leikskólaráðsæfna	7 F	7 L	7 Þ	7 F
8 S		8 M Dagur læsis	8 F	8 M Baráttudagur gegn einelti	8 M	8 L	8 Þ	8 F	8 S	8 M Mæðradagurinn	8 F
9 M		9 F	9 L	9 Þ	9 F	9 S	9 M	9 L	9 M	9 F	9 L
10 Þ		10 F	10 S	10 M	10 F	10 M	10 F	10 S	10 Þ	10 F	10 S
11 M		11 L	11 M	11 F	11 L	11 Þ	11 F	11 M	11 M	11 L	11 M
12 F		12 S	12 Þ	12 F	12 S	12 M	12 L	12 L	12 Þ	12 F	12 S
13 F		13 M	13 M	13 L	13 M	13 F	13 S	13 S	13 M	13 F	13 M
14 L		14 Þ	14 F	14 S	14 Þ	14 F	14 M	14 M	14 F	14 L	14 Þ
15 S		15 M	15 F	15 M	15 M	15 L	15 Þ	15 Þ	15 F	15 S	15 M
16 M		16 F	16 L	16 Þ	16 F	16 S	16 M	16 M	16 L	16 M	16 F
17 Þ		17 F	17 S	17 M	17 F	17 M	17 F	17 S	17 Þ	17 F	17 S
18 M		18 L	18 M	18 F	18 L	18 Þ	18 F	18 M	18 M	18 L	18 M
19 F		19 S	19 Þ	19 F	19 S	19 M	19 L	19 L	19 Þ	19 F	19 S
20 F		20 M	20 M	20 L	20 M	20 F	20 S	20 S	20 M	20 F	20 M
21 L		21 Þ	21 F	21 S	21 Þ	21 F	21 M	21 M	21 F	21 L	21 Þ
22 S		22 M	22 F	22 M	22 M	22 L	22 Þ	22 F	22 S	22 M	22 F
23 M	Skólasetning grunnskóla	23 F	23 L	23 Þ	23 F	23 S	23 M	23 M	23 L	23 M	23 F
24 Þ		24 F	24 S	24 M	24 F	24 M	24 F	24 F	24 S	24 Þ	24 F
25 M		25 L	25 M	25 F	25 L	25 Þ	25 F	25 F	25 M	25 M	25 L
26 F		26 S	26 Þ	26 F	26 S	26 M	26 L	26 L	26 Þ	26 F	26 Þ
27 F		27 M	27 M	27 L	27 M	27 F	27 S	27 S	27 M	27 F	27 M
28 L		28 Þ	28 F	28 S	28 Þ	28 F	28 M	28 M	28 F	28 L	28 Þ
29 S		29 M	29 F	29 M	29 M	29 L		29 Þ	29 F	29 S	29 M
30 M	Skipulagsdagur	30 F	30 L	30 Þ	30 F	30 S		30 M	30 L	30 M	30 F
31 Þ			31 S		31 F				31 Þ		31 S